

## Tilgangur og markmið

Öryggisstefna Ístex miðar að því að tryggja öruggt og heilsusamlegt umhverfi eins og hægt er fyrir starfsfólki og gesti Ístex. Enginn á að bíða heilsutjón af starfi sínu eða verkefnum á vegum félagsins.

Við viljum vinnumenningu þar sem áhersla er á öryggismál. Gildi öryggis- og heilbrigðismála skal ávallt höfð að leiðarljósi í allri umræðu er tengist starfsemi félagsins.

Markmið Ístex er slysalaus vinnustaður og að enginn bíði heilsutjóns hjá félaginu. Til þess að ná þessu markmiði þarf allt starfsfólk og gestir að vinna í samræmi við þessa stefnu og hafa öryggismál í fyrirrúmi.

## Áherslur

Ístex er eftirsóknarverður vinnustaður þar sem gott og öruggt er að vera. Starfsemi og rekstur Ístex fylgir öllum gildandi lögum og reglugerðum sem eiga við hverju sinni. Þá skal sífellt unnið að endurbótum til að stuðla að auknu öryggi.

- Við sækjum menntun og þjálfun í öryggis- og vinnuverndarmál til að minnka líkur á slysum og óhöppum.
- Við gerum áhættumöt og öryggisáætlanir til að tryggja öryggi og heilsu.
- Við notum viðeigandi öryggisbúnað, svo sem heyrnahlífar, hlífðarfatnað og persónuhlífar.
- Við skráum slys, uppfærum og fylgjum öryggisáætlunum.
- Við höfum öryggisnefnd með öryggisvörðum og öryggistrúnaðarfólki.

## Góð samskipti

Mikilvægt er að boðleiðir séu skýrar og samskipti hrein og bein. Við viljum öflugt upplýsingaflæði svo að allar hugsanlegar hættur séu uppi á yfirborðinu hverju sinni.

## Aðbúnaður og öryggi

Öruggt vinnuumhverfi, öryggi starfsfólks og gesta er ávallt í fyrirrúmi enda margt að gæta. Það er krafa okkar að aðstaða, aðbúnaður, tæki og búnaður uppfylli áhættu- og öryggiskröfur.

## Ábyrgð

Það er sameiginleg ábyrgð yfirstjórnar og starfsfólks að framfylgja öryggisstefnunni og tryggja að öryggismál séu ætíð eins og best verður á kosið.

Fyrir hönd Ístex,



Sigurður Sævar Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri